

**Landlæknir
Forstjóri Tr**
Formenn heilbrigðis- og fjárveitinganefnda Alþingis
Umboðsmaður barna
Jóhanna Sigurðardóttir alþingismaður
Ögmundur Jónasson alþingismaður
Guðjón A. Kristjánsson alþingismaður
Nefndarmenn heilbrigðisnefndar Alþingis

Tannlæknafélag Íslands (TFÍ) mun halda kynningarfund um MUNNÍS, tannheilsurannsókn Lýðheilsustöðvar og heilbrigðisráðuneytis, fimmtudaginn 22. febrúar n.k. klukkan 20:00 að Grand Hótel Reykjavík.

Á fundinum munu Hólmfríður Guðmundsdóttir tannlæknir hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðis og Lýðheilsustöð og Sigfús Þór Elíasson prófessor við tannlæknadeild HÍ kynna niðurstöður MUNNÍS rannsóknarinnar og formaður tannlæknafélagsins Sigurjón Benediktsson skýra viðhorf félagsins til rannsóknarinnar og viðbrögð við henni.

Þar sem þessi samkoma er jafnframt félagsfundur í TFÍ, munu koma fram fyrirspurnir frá tannlæknum úr sal og umræður í kjölfar framsöguenda.

Félagið býður yður að koma á þennan kynningarfund þar sem málið varðar embætti yðar og störf og /eða stofnanir sem þér standið fyrir og jafnframt er óskað eftir að þér takið þátt í umræðum og svarið fyrirspurnum, ef þær berast.

Fh Tannlæknafélags Íslands

Sigurjón Benediktsson, formaður

Við minna félagsmenn á Árpingið danska í Kaupmannahöfn dagana 8. til 10. mars

Meðal fyrirlesara á þinginu eru Bjarni Elvar Pjetursson og Inga Árnadóttir.

Til að auðvelda ykkur lífið og tilveruna þá fylgja gagnlegar krækjur.

Með bestu kveðjum
Inga varaformaður

Listi yfir hótél og verð:

<http://hotels.denmark-bookings.com>

Flugið: <http://icelandair.is> <http://icelandexpress.is>

Skráning á þingið og bæklingur um þingið:
http://www.dtfnet.dk/DTFapp/plsql/DTF_menu2.dtfnet

NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR AÐ SKILA INN UPPLÝSINGUM TIL NÝJA TANNLÆKNATALSINS VINSAMLEGAST SENDIÐ UPPLÝSINGAR TIL GUNNLAUGS RITSTJÓRA HARALDSSONAR gullih@simnet.is

EÐA Á SKRIFSTOFU FÉLAGSINS tannsi@tannsi.is

Eyðublað er að finna á heimasíðu félagsins <http://tannsi.is> í eldri fréttum

Munnis: Hrikalegar niðurstöður


12 ára ---DFT 2 33% DT 5 15% eru með glerungseyðingu
15 ára ---DFT 4 33% Dt 9 30% eru með glerungseyðingu

17% 4-18 ára mæta ekki til tannlæknis síðustu 18 mánuði

Íslensk börn og ungmenni eru með tvöfalt fleiri tennur skemmdar og /eða viðgerðar heldur en á hinum Norðurlöndunum

Heimtur barna og ungmenna 4-18 ára til tannlækna eru verstar á höfuðborgarsvæðinu, Hveragerði og Ísafirði en bestar á Sauðárkróki Egilsstöðum og Húsavík

Afgangur af framlagi Alþingis á síðasta ári til tannlæknaþrygginga voru 70 milljónir króna Sambærileg framlög 2007 eru 8% lækri að raungildi en 2006



Frá formanni

Nú er komið nýtt ár, með nýjum verkefnum, nýjum áherslum. Þetta ár er afmælisár Tannlæknafélags Íslands. Félagið verður áttatíu ára á þessu ári. Undirbúningur er þegar hafinn að veglegu ársþingi sem verður helgað íslenskum tannlæknum og afmælishóf verður í tilefni afmælisins. Herlegheitin fara fram 8.-10. nóvember og rétt að taka frá þennan tíma og hugsa til stéttar sinnar og samkenndar. Ekki má gleyma því að nýtt tannlæknatal mun líta dagsins ljós á afmælisárinu og endurbótum er að ljúka við félagsheimilið Síðumúla en skrifstofan er þegar flutt í húsnæðið. Lítið endilega við og skoðið afraksturinn. Stefnt er að vígslu félagsheimilisins í febrúar-mars.

Janúarkúrsus var haldinn með nýju sniði þetta afmælisár, kynnt voru tilfelli og farið yfir meðferðarmöguleika. Í stuttu máli var þetta frábær kúrsus að allra dómi og á ársþingsnefnd þakkar skildar. Sérstaklega ber að þakka Bjarna Elvari Péturssyni sem lagði mikið til þess að þetta tókst eins vel og reyndin varð.

Uppúr miðjum janúar hafði fulltrúi ráðuneytis heilbrigðismála samband við formann og vildi ræða viðbrögð ráðuneytis við MUNNÍS skýrslunni. Formaður kvaddi til fundar með sér Jón Ásgeir Eyjólfsson þar sem hann var formaður síðustu samskiptanefndar og þekkir samskiptamál félagsins í þaula. Haldnir voru tveir viðræðufundir þar sem farið var yfir málin. Í stuttu máli verður að segja að það sem ráðuneytið hafði fram að færa var rýrt í roðinu. Það liggur auðvitað fyrir að enn eitt árið eru framlög Alþingis til málaflokksins skert og 70-80 milljóna króna afgangur (!) frá síðasta ári verður ekki nýttur milli ára. Þess utan koma peningar eða peningaleysi Tr, tannlæknafélaginu ekki við.

Fyrstu hugmyndir ráðuneytis voru kynntar stjórn og var það samdóma álit að þær væru óaðgengilegar. Þær fólu í sér einhverskonar forvarnarskoðun á fimm eða sex aldursflokkum sem samið yrði um fast verð á, en strax var ljóst það gekk ekki upp, hvorki peningalega né í framkvæmd. Á síðari fundi var tekin upp umræða um að tveir aldursflokkar (6 og 12 ára) nytu 100% styrkja vegna skoðunar, fræðslu, flúorlökkunar, 2x röntgenmynda og fjögurra skorufylla. Ráðuneytið ætlaði að koma með nánari útfærslu á þessum hugmyndum og að auki einhverja mögulega lausn fyrir 3 ára aldursflokk tryggingaþega og jafnvel 15-16 ára. Útfærsla ráðuneytisins fól svo í sér að enn einu sinni átti að reyna að búa til einhvern "þakka" og aðeins var reiknað með tveimur skorufyllum í þakkanum. Ráðuneytið tilkynnti undirrituðum í tölvupósti að þetta væri skilyrði fyrir því að viðræður héldu áfram. Þessu skilyrði var hafnað jafnskjótt, og þannig standa málin. Rétt er að geta þess að það eru deildar meiningar í stjórn um aðkomu félagsins og stjórnar að þessum málum, og reyndar efast hluti stjórnar um ástæðu til að taka þátt í samninga-viðræðum. Formaður lítur svo á að stjórn fari með umboð sem samninganefnd enda segir í lögum félagsins að stjórn komi fram fyrir hönd félagsins og formaður fyrir hönd stjórnar. Auðvitað hljóta allir að vera tilbúnir að ræða málin, hlusta, og dæma ekki um niðurstöður fyrirfram, annað er stéttinni ekki til framdráttar.

Það er staðreynd að það er stór hópur í stéttinni sem hefur

Félagsfundur

fimmtudag 22. febrúar kl. 20:00
Grand Hótel

Dagskrá:

1. Hólmfríður Guðmundsdóttir tannlæknir Lýðheilsustöð kynnr niðurstöður MUNNÍS rannsóknar
2. Sigfús Þór Elíasson prófessor kynnr samanburð á fyrri rannsóknnum og niðurstöðum MUNNÍS
3. Sigurjón Benediktsson formaður TFÍ kynnr viðbrögð stjórnar við niðurstöðum rannsóknarinnar
4. Umræður og fyrirspurnir Kaffi
5. Félagsmál
6. Önnur mál

aldrei unnið við annað en þetta ónýta kerfi tannlæknaþrygginga. Kerfi sem skilar engu, hvorki árangri, ánægðum sjúklingum né aðlaðandi vinnuumhverfi. Viðhorf Alþingis og framkvæmdavalds birtist einnig í fjárlögum, fyrirspurnum, tillögum og hugmyndum um tannlækningar sem eru fráleitar og fráhrindandi. Á hinn bóginn hljóta tannlækna að hafa sínar samfélagslegu skyldur eins og hver annar þegn. Burtséð frá einhverju ómurlegu kerfi og stjórnmálum liðandi stundar, hvað þá viðhorfum einstakra embættismanna, þá hljótu við að hafa áhyggjur af stöðu mála. Ef slík viðhorf eru horfin eða úrelt innan tannlækna-stéttarinnar, þá erum við á villigötum.

Á þessum tímamarki eru viðbrögð ráðuneytis við MUNNÍS rannsókninni ekki ljós. Einhver hljóta þau að vera. Auk þess hefur samkeppnisefirlitið verið upplýst um gang mála og sjálfsagt hefur það einhverja skoðun líka. Félagið heldur fund um MUNNÍS rannsóknina fimmtudag-skvöldið 22. febrúar og þar munu tannlækna og nokkrir gestir mæta til að meta stöðuna, ræða málin.

Sigurjón Benediktsson

Hugleiðing vegna yfirlýsinga heilbrigðisráðherra upp á síðkastið

Nýlega kynnti Lýðheilsustofnun niðurstöður MUNNÍS rannsóknarinnar. Megintilgangur rannsóknarinnar var að kanna tannáttu og glerungseyðingu hjá 1.7. og 10 bekk og náði rannsóknin til 20% slembiúrtaks þessara árganga árið 2005. Í stuttu máli sýnir þessi rannsókn að tannheilsa barna og unglunga er ansi bágborin og hefur farið versnandi síðustu ár.

Eins og segir í útdrætti rannsóknarinnar á vef Lýðheilsustofnunar: „Í norrænum samanburði lætur nærri að íslensk börn og ungmenni séu að meðaltali með tvöfalt fleiri skemmdar tennur en samanburðarhópar í Svíþjóð (2005) og er staðan verri en á hinum Norðurlöndunum. Hjá 15 ára unglungi eru að meðaltali rúmlega 4 fullorðinstennur skemmdar og þarfnast viðgerðar eða hafa þegar verið fylltar. Hjá þeim 33% sem verst eru settir innan þessa hóps eru að meðaltali 9 tennur skemmdar. Glerungseyðing greinist í einhverri fullorðinstönn hjá 15% 12 ára barna og hjá 30% 15 ára unglunga. Tíðni tannskemmda fer vaxandi og áhyggjuefni hversu algengt það er að ekki er gert við tannskemmdir. Um 17% barna og ungmenna (4-18 ára) mæta ekki í reglubundið eftirlit hjá tannlækni.“

Í útdrætti MUNNÍS rannsóknarinnar kemur einnig fram að Tryggingastofnun ríkisins (TR) greiði umtalsvert minna vegna forvarna í tannheilbrigðismálum barna nú en árið 1998.

TR veitir styrki vegna tannlækninga barna og unglunga, öryrkja og aldraðra. Þegar Siv Friðleifsdóttir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra tók við embætti sínu lagði hún upp með tvö aðaláhersluefni: Forvarnir og aldraða. Þess ber þó ekki merki hvað tannlækningar varðar; samkvæmt fjárlögum 2007 er einungis gert ráð fyrir 2.7% hækkun á framlögum til skjólstæðinga TR vegna tannlækninga. Þessi prósentuhækkun nær engan veginn að halda í við verðbólgu síðasta árs, hvað þá að vega upp á móti fjölgun í þeim hópum sem njóta styrkja frá TR vegna tannlækninga eða rétta af þá lækun sem orðið hefur á framlögum hins opinbera til þessa málaflokks hin síðari ár.

Hvers vegna skyldu heilbrigðisyfirvöld hafa komist upp með að skerða smátt og smátt framlög til tannlækninga síðustu ár? Jú, eins og kunnugt er rann árið 1998 út samningur Tannlæknafélags Íslands og TR og var hann ekki endurnýjaður. Samningurinn hafði verið við lýði í fjöldamörgum ár og snerist um að tannlækna sömdu við TR um fast verð fyrir tannlæknaþjónustu við skjólstæðinga stofnunarinnar. Tannlækna sömdu þá um verð sem þeir töldu að væri ásættanlegt fyrir viðkomandi þjónustu. Þetta kom svo aftur skjólstæðingum TR til góða þar sem innifalið var í samingunum að þeir fengju stærstan hluta tannlækna-kostnaðarins endurgreiddan. Þegar samningurinn rann út var ekki lengur þrýstingur á heilbrigðisyfirvöld að láta styrkina fylgja almennri verðlagsþróun og því fór sem fór. Þeir þrýstihópar sem hefðu átt að láta málið sig varða svo sem ASÍ, foreldrasamtök, samtök eldri borgara og Öryrkjabandalagið hafa því miður sofið á verðinum hvað þetta varðar.

Hver skyldu nú vera viðbrögð ráðherra þegar allt stefnir í óefni í tannheilbrigðismálum barna og unglunga? Jú, það er að semja við tannlækna um „ókeypis skoðun og eftirlit hjá ákveðnum hópum barna“ svo sem haft hefur verið eftir henni í fjölmiðlum síðustu daga. Það á sem sagt að semja við tannlækna um samræmda gjaldskrá fyrir þessa þjónustu. Og ef tannlæknum hugnast ekki slíkur samningur „þá munum við auglýsa eftir tannlæknum sem vilja koma á svona samningi“ (Siv Friðleifsdóttir í samtali við Blaðið, 8. febrúar 2007). Þessi skilaboð hljóma óneitanlega undarlega; allt í einu er það tannlækna að bjarga margra ára sveltí í framlögum hins opinbera til tannlækninga með því að koma á fastri ríkisgjaldskrá í tannlækningum.

Einvern veginn hljómar þessi boðskapur ráðherra eins og það eigi að finna sem fyrst blóraböggla fyrir lélegri tannheilsu barna og unglunga annars staðar en innan heilbrigðisráðuneytisins.

Það virðist ekki hafa hvarflað að heilbrigðisyfirvöldum að tannlækna séu ef til vill alls ekki í aðstöðu til að semja um fasta gjaldskrá fyrir tannlækningar ákveðinna hópa í þjóðfélaginu. Tannlækningar, eins og önnur þjónusta, falla undir samkeppnislög. Það þýðir að tannlæknum er óheimilt að hafa samráð um gjaldskrár sínar og verða að hafa útdrátt með helstu aðgerðarliðum sínum hangandi á biðstofum skjólstæðingum sínum til glöggvunar.

En er þetta ekki bara í lagi, að veita ákveðnum árgöngum skoðun og forvarnir á sama verði - væri ekki líka í lagi að stórmarkaðirnir kæmu sér saman um verð á nautalundum og handsápu ef þeir kepptu hver við annan í verði á Maggisúpum og kaffi? Það væri fróðlegt að heyra hvaða augum samkeppniseftirlitið lítur þessar hugmyndir ráðherra.

Niðurstöður MUNNÍS rannsóknarinnar koma vart okkur tannlæknum á óvart, enda hefur tannheilsu barna og unglunga hrakað áberandi síðustu ár. Því er það fagnaðarefni að heilbrigðisráðherra hafi lýst yfir vilja til að gera eitthvað í þeim málum. En að stilla því þannig upp að málið standi og falli með samningi við tannlækna er hin mesta firra.


Hið opinbera verður einfaldlega að veita meiri peningum til málaflokksins og hækka verulega tannlækningastyrki til barna og unglunga. Verði það gert er ekki ósennilegt að einver hluti tannlæknaþéttarinnar bjóði upp á þá „ókeypis skoðun og forvarnir“ sem ráðherra er svo tíðrætt um út frá lögmálum hins frjálsa markaðar. Ekki hefur enn reynt á hvort tannlækna hafa vilja til samninga við TR en vafasamt verður að teljast að landslög leyfi þeim að ganga til slíkra samninga.

Hver skyldi svo vera sýn ráðherra á styrki TR til eftirlits og forvarna meðal aldraðra og öryrkja? Þörf þeirra fyrir slíka þjónustu er síst minni en yngri aldurshópa ef ekki á að stefna í sömu átt og hjá börnum og unglungum.

Dr. Magnús Björnsson ritari TFÍ

Árþingsnefnd hvetur alla þá sem hug hafa á því að kynna rannsóknir sínar, áhugamál eða tilfelli á hátíðarásþingi í haust 8-10 nóvember eru beðnir að tilkynna það til félagsins (tanni@tanni.is) eða til einhvers nefndarmanna fyrir 20. mars næstkomandi

Fyrirlestrar verða 30-60 mínútur með fyrirspurnum og umræðum. Árþingið fer fram við bestu aðstæður í Laugardalshöll, þar verður nægt pláss fyrir kynningar (veggspjöld) og vörusýningu. Hátíðarsamkoma verður að Hótel Sögu 10. nóvember



fréttabréf tannlæknafélags Íslands

febrúar 2007

Aðalfundur Tannlæknafélags Íslands 5. október 2006

Fundur settur af formanni Sigurjóni Benediktssyni. Fundarstjóri var kosinn Teitur Jónsson og fundarritari Engilbert H. Snorrson.

Skýrsla formanns: Stiklað á stóru um starf stjórnarinnar á liðnu ári. Ingibjörg Benediksdóttir varaformaður sagði frá erlendum samskiptum og ræddi meðal annars um Amalgam sem verður bannað eftir 2-3 ár.

Stjórnin hefur komið saman 12 sinnum á árinu, haldið 6 félagsfundi og gefið út 6 fréttabréf. Framtíðarverkefni félagsins afmæli félagsins á næsta ári, endurbýgging félagsheimilis og útgáfa á nýju Tannlæknatali.

Kristín Gígja gerði grein fyrir ársreikningi félagsins sem hafði verið sendur út á rafrænu formi. Skýrsla formanns og reikningar félagsins voru samþykktir.

Magnús Jón Björnsson kynnti lagabreytingar. Hver grein var tekin fyrir og rædd og breytingartillögur bornar upp til atkvæðagreiðslu.

Þórir Schiöth og Jón Viðar báru upp breytingartillögu við aðra grein, orðið „félagsþroski“ yrði felld niður og í staðin komi orðið „félagsvitund.“ Það var samþykkt.

Sturla Þórðarson kom með breytingartillögu við 3. grein, þ.e. orðin „stjórnar félagsins“ falli niður. Börkur kom með breytingartillögu við 4. grein, þ.e. fella út, frá Tannlæknaeild Háskóla Íslands eða lokið prófi í Tannlækningu.“ Báðar tillögurnar voru felldar.

Breytingartillaga frá Svend Richter um 7. grein: fella út „félagsfund skal ekki halda í sama mánuði og Aðalfundur er.“ Þetta var samþykkt. Einar Ragnarsson, Björn Ragnarsson, Ólafur Höskuldsson og Sigfús Þór komu með tillögu varðandi 8. grein, þ.e. síðasti hluti greinar fellur niður þannig að síðasta málsgreinin verður: „árið sem félagsmaður verður sextugur greiðir hann hálf árgjald en árið sem félagi verður sextíu og sjö ára fellur gjaldið niður.“ Þannig að sextíu og sjö ára félagsmaður verður ekki sviptur atkvæðisrétti. Þessi tillaga var samþykkt. Lagabreytingarnar með áorðnum breytingum voru bornar upp á fundinum og voru samþykktar með 72 atkvæðum gegn 9 atkvæðum, 1 seðill var auður.

Næst kynnti Stefán Hallur Jónsson nýjar tillögur á Codex. Börkur kom með breytingartillögu þess efnis að orðinu „sjúklingur“ sem kemur víða við í Codex yrði breytt í „skjólstæðing.“ Tillagan var felld. Tillaga frá Svend Richter og Berki um að fyrsta setning í fjórða kafla, fjórða tölulíðar í núverandi siðareglum standi (þ.e. að Tannlæknafélag Íslands annist samninga við TR). Tillagan var samþykkt. Tillaga frá Þóri Schiöth um að fella niður 10. grein (sem hljóði svo: Tannlækna skal hafa hugfast að nán persónuleg kynni geta haft áhrif á faglega dómgreind hans og sjálfstæði. Ótilhlýðilegt er að tannlækna taki upp kynferðislegt samband við sjúkling er hann hefur til meðferðar.) var það samþykkt.

Hinn nýji Codex var borinn upp og samþykktur. Kosning nýrrar stjórnar samþykkt. Að auki var Guðmundur Björnsson kosinn sem fjórði maður í lyfjanefnd og Þorsteinn Sch Thorsteinsson í VEIT nefndina.

Tengsl útgjalda Tr og fjölda tryggingaþega

